

**Móttakandi**

Múlaping  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir  
Bt: Sóleyjar Valdimarsdóttur  
[skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is)

**Efni: Nýtt deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis við Innri-Gleðivík á Djúpavogi**

Vísað er til erindis dags. 13. Júní 2023 frá Skipulagsgátt þar sem Múlaping óskar eftir umsögn Vegagerðarinnar um nýtt deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis við Innri- Gleðivík á Djúpavogi.

Vegagerðin vísar í umsögn um vinnslutillögu um sama efni sent skipulagsfulltrúa Múlapings 13. apríl 2023, þar er jafnframt vísað til fyrri tölvupóstsamskipta Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins.

Síða 1/2

Þar er á það bent að Vegagerðin hefur um þó nokkurn tíma verið í samráðsvinnu um breytingar á aðkomu inna á umrætt athafna- og hafnarsvæði þá hafnarsvæði.

Upphaf þeirrar vinnu var að frumkvæði sveitarfélagsins og skilaði þá sameiginlegri niðurstöðu.

Sú veglína sem birtist nú á uppdráttum er í engu samræmi við þá vinnu.

Jafnframt bendir Vegagerðin enn og aftur á að til að taka afstöðu til framlagðs deiliskipulags er nauðsynleg að sveitarfélagið móti heildarsýn yfir uppbyggingu alls athafna- og hafnarsvæðisins til framtíðar, svo sú vegagerð sem ráðist er í þjóni svæðinu öllu og taki tillit til jarðraks og inngríps í náttúru.

Eftir ofangreint bréf til sveitarfélagsins sendi sveitarfélagið tillögu að nýri veglínu þjóðvegar um svæðið sem ætlað er að tengja athafna- og hafnarsvæði.

Upphaf þeirrar veglínu er rétt utan þess skipulagssvæðis sem nú er kynnt. Mun hún tengjast inná núverandi vegakerfi það sem auðkennt er með rauðri brotinni línu inn á deiliskipulagsuppdrættinum sem „15 m helgunarsvæði minja“.

Veglínan er á fyrstu 170 metrunum í talsverðum skeringum í ósnert berg. Að stærstum hluta í um 4 m. upp í 6 metra.

**Vegagerðin**  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

vegagerdin  
@vegagerdin.is

En á það skal bent að sú veglína er Vegagerðin og sveitarfélagið höfðu sameinast um þá verða skeringar á þegar röskuðu svæði eða þar sem vegurinn liggur í dag.

Veglínan fer yfir minjar og liggur þétta upp við tanka innan „garða“ sem svo eru merktir á deiliskipulagsuppdættinum.

Kynnt tillaga að veglínun mun valda meira jarðraski og inngrípi í náttúruna en sú veglína sem sveitarfélagið og Vegagerðin höfðu komið sér saman um.

Að auki mun kostnaður vegna þeirrar vegagerðar verða að öllum líkendum mun meiri.

Því telur Vegagerðin framlögð tillaga að veglínun nýs þjóðvegar vart raunhæfa

Í þessu ljósi bendir Vegagerðin á kafla VI 28.gr. Vegalaga þar sem bent er á að lega þjóðvega í skipulagi er að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld.

Og kjósi sveitarfélagið að velja þjóðvegi annan stað en sá er Vegagerðin telur betri með tilliti til aukins kostnaðar og tæknilegri útfærslu, er heimilt að krefja sveitarfélagið um kostnaðar mun.

---

Síða 2/2

Með tilliti til þess sem að ofan er greint og fyrrí samskipta um skipulag athafna- og hafnasvæðisins við Innri-Gleðivík á Djúpavogi getur Vegagerðin ekki fallist á framlagt deiliskipulag.  
Vegagerðin óskar eftir samtali og samvinnu við sveitarfélagið til lausnar málsins.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Jón Valgeir Sveinsson  
Deildarstjóri.  
Tæknideild Austursvæðis.

---

Vegagerðin